

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1093

Dagsetning: 9. desember 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HÞ), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Ketill Berg Magnússon (KBM), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÖE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Sigurborg Jónsdóttir (SJ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Ingunn Sigurgeirsdóttir, mannauðs- og persónuverndarfulltrúi, sat fundinn undir lið 5. Arngrímur V. Angantýsson, deildarstjóri fjárreiðudeildar, sat fundinn undir lið 7.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 2. desember 2025 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir vikunnar

Umræður um fundi vikunnar hjá framkvæmdastjórn.

3. Aðsend erindi

Fjallað var um erindi frá heilbrigðisráðuneytinu vegna fyrirspurnar á Alþingi. Þar er óskað eftir upplýsingum um starfslokasamninga og tilfærslur í starfi hjá HH, eins og öðrum stofnunum ríkisins, frá árinu 2018. Unnið er að svari.

4. Námsleyfi lækna

Rætt var um heimild lækna til að taka námsleyfi tengt nýjum kjarasamningi. Ákveðið var að fara yfir verklag tengt námsleyfum á næsta ári til að tryggja jafnræði milli starfsstöðva.

5. Persónuvernd

Ingunn Sigurgeirsdóttir, mannauðs- og persónuverndarfulltrúi, kom á fundinn og fór yfir vinnuskjal með lista yfir verkefni tengd persónuvernd sem þarf að forgangsraða og vinna. Einnig var rætt um samskipti við heilbrigðisráðuneytið þar sem áréttað var mikilvægi þess að ganga frá samningum um sameiningu Sögugrunna HH og Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja óháð stofnun miðstöðvar um stafræna heilsu hjá heilbrigðisráðuneytinu.

6. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

7. Vinnuskil

Arngrímur V. Angantýsson, deildarstjóri fjárreiðudeildar, kom á fundinn og kynnti yfirlit yfir launagreiðslur og vinnuskil. Ákveðið var að halda vinnunni áfram og kynna niðurstöður á fundi svæðisstjóra í janúar.

8. Skipulagsbreytingar

Upplýst var að vinnu við fyrirhugaðar breytingar á skipulagi hjá HH er lokið. Breytingarnar verða kynntar á fundi fagstjóra þann 11. desember og í kjölfarið verður starfsfólk upplýst. Helstu breytingar snúa að því að skilið verður með skýrari hætti á milli faglegrar stjórnunar í almennri heilsugæsluþjónustu og í geðheilbrigðisþjónustu. Einnig verður stofnuð sérstök skrifstofa forstjóra.

Aðgerðir og verkefni

- Yfirfara þarf vinnulag tengt námsleyfi lækna, sjá lið 4.
Ábyrgð: SJ
- Halda þarf áfram að skipuleggja vinnu við persónuverndarmál og setja upp áætlun, sjá lið 5.
Ábyrgð: SJ
- Vinna þarf áfram með launagreiðslur og vinnuskil, sjá lið 7.
Ábyrgð: RÓE, SJ, HP
- Kynna þarf breytingar á skipulagi fyrir fagstjórum, sjá lið 8.
Ábyrgð: SDM

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:10.